

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um skerðingar lífeyris almannatrygginga.

Frá Halldóru Mogensen.

1. Hversu mikið hafa greiðslur úr ríkissjóði til lífeyrisþega lækkað vegna fjármagnstekna maka þeirra eða barna samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007? Svar óskast sundurliðað eftir árum sl. þrjú ár ásamt áætlun yfirstandandi árs. Enn fremur er óskað eftir sundurliðun eftir greiðsluflokkum almannatrygginga og því hvort um er að ræða fjármagnstekjur maka, barna eða lífeyrisþeganna sjálfra.
2. Hver yrði árlegur útgjaldaauki ríkissjóðs við almannatryggingakerfið miðað við fjárlög fyrir árið 2023 ef hætt yrði að skerða greiðslur almannatrygginga vegna eigin tekna lífeyrisþega? Svar óskast sundurliðað eftir tegund tekna lífeyrisþega annars vegar og greiðsluflokkum almannatrygginga hins vegar.
3. Hver yrði árlegur útgjaldaauki ríkissjóðs við almannatryggingakerfið miðað við fjárlög fyrir árið 2023 ef örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hefðu eitt frítekjumark fyrir alla greiðsluflokka sem miðaði annars vegar við 4.200.000 kr. og hins vegar 6.000.000 kr. á ári, óháð tegund tekna? Svar óskast sundurliðað eftir tegund tekna lífeyrisþega annars vegar og greiðsluflokkum almannatrygginga hins vegar.

Skriflegt svar óskast.